

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Meta ehf.
kt. 550606-0620

Starfsstöð: Hlíðargata 16, 750 Fáskrúðsfjörður

Leyfið gildir frá 28. nóvember 2020 til 28. nóvember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- söfnun og flutningi á sérstökum úrgangi og seyru

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanojörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Meta ehf., kt. 550606-0620

Starfsstöð: Hlíðargata 16, 750 Fáskrúðsfjörður

Leyfið gildir frá 28. nóvember 2020 til 28. nóvember 2032

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 30. október 2020.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

Spilliefni: úrgangur sem inniheldur efni sem haft geta mengandi eða óæskileg áhrif á umhverfið hvort sem þau eru óblönduð eða hluti af öðrum efnum, vörum eða umbúðum sem komist hafa í snertingu við spilliefni og skráð eru á lista sem spilliefni í reglugerð um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Starfsemi fyrirtækisins felst í holræsaheinsun, þ.e. stíflu- og lagnahreinsun, tæmingu úr brunnum, fituskiljum, sandföngum, rotþróm og flutningi á seyru o.þ.h.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir hreinsanir á fráveitukerfum, tæmingar á rotþróm, ræsum, skiljum, olíutönkum og skyldum búnaði.*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1. Mengunarvarnir

Samkvæmt umsókn er til staðar olíu- og fitugildra, slógbrunnur og sandfang.

Eftirlit og viðhald með bifreiðum, vélum, dælum, leiðslum og mengunarvarnarbúnaði skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað leki, smit eða óleyfileg útlosun.

Þvottur bifreiða sem flytja spilliefni skal eingöngu fara fram á þvottastöðum sem hafa fullnægjandi mengunarvarnarbúnað.

2.2. Mengunarvarnarbúnaður

Í bifreiðum sem flytja fljótandi spilliefni skal mengunarvarnarbúnaður vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía eða önnur spilliefni geti borist í niðurföll.

2.3. Meðferð úrgangs

Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa hann í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.

Spilliefnum skal skila til endurvinnslustöðvar eða móttökustöðvar sem leyfi hefur til að taka við þeim.

2.4. Lóð og umhverfismál

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð. Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyrast starfseminni.

3. Innra eftirlit og skráningar

Starfsleyfishafi skal viðhafa eigið eftirlit með starfseminni sem m.a. er fólgin í kvittunum og skráningu á eftirfarandi:

- Þegar starfsleyfishafi tæmir brunna, þrær, skiljur eða síur skal það afhenda rekstraraðila þeirra kvittun um tæminguna, þar sem fram kemur magn (kg,l), flokkur og gerð úrgangsefna.
- Þegar starfsleyfishafi afhendir úrgangsefni skal það halda eftir staðfestri kvittun fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangsefna.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Kvittanir skulu geymd í a.m.k. 5 ár í gögnum fyrirtækisins.

Starfsleyfishafi er skylt að afhenda heilbrigðiseftirlitinu fyrrnefndar upplýsingar ef óskað er eftir þeim.

4. Mengunaróhapp/-slys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

5. Rekstri hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands um það skriflega.

28. nóvember 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

A blue circular stamp with the text "HEILBRIGÐISEFTIRLIT" at the top and "AUSTURLANDSSVÆÐIS" at the bottom. Overlaid on the stamp is a handwritten signature in blue ink that reads "Dröfn Svabjörnsdóttir".

Dröfn Svabjörnsdóttir,

heilbrigðisfulltrúi

28. nóvember 2020

Meta ehf.
Hlíðargata 16
750 Fáskrúðsfjörður

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Meta ehf. vegna söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru

Umsókn um starfsleyfis vegna söfnun og flutning á sérstökum úrgangi og seyru barst 30.10.2020. Umsækjandi er Meta ehf., kt. 550606-0620.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 30. október 2020 og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 27. nóvember 2020.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,
Heilbrigðisfulltrúi

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.